



Í viðhengi er erindi frá félaginu vegna afgreiðslu Sveitarfélagsins á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 9. maí síðastliðinn þar sem samþykkt var að fara með tillögu um aðalskipulagsbreytingu í kynningu á svæði sem kallast Skaftafell III og VI. Málið er 11. Dagskrárliður fundargerðar með málnúmerið 20190416.

Fyrir hönd Atlantsflugs vil ég benda á að engin kynning hefur farið fram né verið leitað eftir álit eða athugasemdum varðandi fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi þrátt fyrir að það liggi að samþykktu deiliskipulag flugvalar í Skaftafelli þar sem starfrækt er flugstarfsemi og flugvöllur með tveim flugbrautum. Þá hefur fyrirhuguð notkun á svæði sem kynnt er sem uppbyggingarsvæði m.a. sem íbúðarbyggð og gisting ekki á nokkur hátt verið skoðað með tilliti til flugöryggis né umhverfispáttá (hljóðónæði og væntanlegum kvörtunum þegar frá líður) en svæðið er undir aðflugs og brottflugsstefnu flugvéla inn á hið þegar deiliskipulagða svæði. Það að fyrirhuguð sé uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og gistirýma undir flugstefnum til og frá flugvellingum með þessa nálægð eru varasamar sé horft til sambærilegra mála annarsstaðar á landinu og má færa rök fyrir því að með þeim tillögum sem fram hafa verið settar geti til lengri tíma litið valdið skerðingu á notkunarmöguleikum núverandi starfsemi sem þegar eru til staðar. Þá set ég fram þá spurningu af hverju þessi áform hafi ekki verið kynnt fyrir hagsmunaraðilum sem hafa hafið kostnaðarsama uppbyggingu á samþykktu deiliskipulagi flugvallarins eða fyrir þeim sem eiga land að því svæði sem kynnt er í tillögunni og hvort farið hafi verið að fullu fram samkvæmt lögbundið ferli. Þá tel ég það skjóta skökku við að á sama tíma og þessi tillaga fær brautargegni hjá Sveitarfélaginu liggi enn inn óafgreidd breyting á deiliskipulagi á flugvallarsvæðinu þar sem verið er að færa til lóð fyrir landeiganda og eigi augljóslega á að falla undir sama landfræðilega mat út frá mögulegum skriðföllum frá Svínafellsheiði og því sé hér ekki verið að skoða svæðið út frá heildarsýn og heildarhagsmunum allar aðila sem þar eru og hafa byggt upp atvinnustarfsemi árum saman.

Að lokum verð ég að fá að benda það sem að mínu mati eru villandi upplýsingar og sem virðast settar fram í heimildarleysi að því að ég best veit eftir athugun hjá mér og fram koma í þeim uppdrætti að breytingum á aðalskipulagi sem lögð er fram. Þar eru raktir 3 valkostir þ.e. að gera ekki neitt, kostur 2 og kostur 3, en þar er að sjá sem kostur 2 sé ekki á höndum þess lögaðila sem leggur fram þessa tillögu og það því sett fram sem með frekar ósmekklegum hætti sem réttlætningarmöguleiki á landi annars lögaðila til að styrkja kost 3 á eigin landi. Þetta verða að teljast afar sérstök framsetning svo ekki sé meira sagt og hefur landeigandi að „kosti 2“ staðfest það við mig að engin slík leyfi hafi verið gefin við framlagningu þessara tillagna. Þá kann að vera að ekki hafi komið fram athugasemdir fyrir þar sem hagsmunaaðilum á svæðinu sem og landeigendum sem eiga aðliggjandi land hafa ekki verið kynntar framsettar tillögur né óskað eftir álit þeirra.

Hins ber að fagna að aðilar vilji byggja upp og styrkja svæðið enda ekki vanþörf þar á og þá sérstaklega með tilliti til íbúðarhúsnæðis fyrir allan þann fjölda starfsmanna sem þar starfa á degi hverjum og búa við frekar frumstæðar aðstæður og sem margir hverjir vilja hafa þar fulla búsetu með börn og bú sem myndi svo aftur styrkja innviði svæðisins enn frekar. Það hefði verið gaman að sjá framsettar tillögur sem tillögur að uppbyggingu 50 íbúða fyrir starfsmenn sem vildu taka upp fasta búsetu í sveitarfélaginu en hafa ekki kost á því í dag, en vonandi sjáum við þá tíma koma.

Það er ósk félagsins að erindi okkar verði tekið til skoðunar strax og orðið við þeirri beiðni sem þar kemur fram.

Kveðja/Best regards



**Jón Grétar Sigurðsson**

? +354 899 25 32

? [jon@atf.is](mailto:jon@atf.is)

? [flightseeing.is](http://flightseeing.is)



*Vakin er athygli á því að tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar. Ef pósturinn eða viðhengi hans eru ekki ætluð þér ber þér að fylgja reglum um vernd fjarskiptasendinga sem fram koma í 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999. / This e-mail and its attachments may contain information which is confidential and privileged by law and is only intended for the confidential use of the intended recipient.*